

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

23. fundur 27. apríl 2004

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 27. apríl 2004 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Húsnæðismál, merkingar o.fl.
2. Starfsmannamál.
3. Kópavogsdagar 2.-11. maí..
4. Fundur starfsmanna héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns 5.-6. maí.
5. Vefur safnsins.
6. Tölvumál.
7. Norrænn skjaladagur 2004.
8. Önnur mál.

1. Húsnæðismál, merkingar o.fl.

Rætt var að gefnu tilefni um hvaða umbóta helst er þörf eins og mál standa og hvernig að skyldi staðið. Þar sem safnið hefur nú alla 3. h. til umráða var héraðsskjalaverði falið að láta auðkenna það betur með viðeigandi merkingum.

2. Starfsmannamál.

Héraðsskjalavörður gerði stjórninni grein fyrir því hvaða hugmyndir væru uppi um sumarafleysingar í safninu. Stjórnin ræddi þau mál og fól honum síðan að ganga frá málinu í samráði við bæjarritara.

3. Kópavogsdagar 2.-11. maí.

Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir hlut safnsins að Kópavogsdögum 2.-11. maí (sbr. 22. fg., 3.1.). Þríþætt samstarf verður milli safnsins, Skipulagssviðs Kópavogsbæjar og bókasafnsins um sýningarhald. Sýningar verða tvær. Önnur nefnist "Frá býli til borgar", sýning á loftmyndum, skipulagsuppdráttum, líkönnum o.fl. Kapp verður lagt á að sýna hve bærinn hefur stækkað ört og breytt um ásýnd. Hin sýningin nefnist "Kofar og keisarans hallir". Uppistaða hennar verður gamlar myndir úr Kópavogi, og verður hún sett upp með sérstökum hætti og flutt á sýningartímabilinu yfir í Lindaskóla.

4. Fundur starfsmanna héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns 5.-6. maí.

Lögð voru fram ýmis gögn um fundinn sem haldinn verður á Ísafirði og héraðsskjalavörður sækir (sbr. 22. fg., 4.1.), enda meðal gagnanna bréf þjóðskjalavarðar til héraðsskjalavarða, dags. 20. apríl 2004, þar sem hann óskar eindregið eftir að héraðsskjalaverðir sæki fundinn. Í bréfinu færir hann rök fyrir nauðsyn þess og telur ljóst að það sé hluti af embættisskyldum héraðsskjalavarða að sækja slíka fundi.

5. Vefur safnsins.

Stjórnin samþykkti á sínum tíma að safnið kæmi sér upp vef. Héraðsskjalavörður hefur kannað þau mál frá tæknilegu og fjárhagslegu sjónarmiði og gerði stjórninni grein fyrir niðurstöðum sínum. Féllst hún á tillögu hans um samstarf við vefkerfi bæjarins og SJÁ (sbr. bréf til héraðsskjalavaraðar frá fyrirtækinu sem fram var lagt á fundinum, dags. 23. apríl 2004) og fól honum að halda áfram að vinna að lausn í samráði við þá sem um þetta véla.

6. Tölvumál.

Margra mánaða dráttur hefur orðið á að tölvumálum héraðsskjalasafnsins væri komið í viðunandi horf með tilliti til sjálfsagðra, en óuppfulltra þarfa, endurnýjunartíma tölvubúnaðar og þess að núverandi búnaður ræður ekki við vinnu í gagnagrunni Þjóðskjalasafns og hefur sætt athugasemdir af þess hálfu. Stjórnin óskar þess því eindregið við þá sem þessi mál heyra undir hjá Kópavogsbæ að tölvumálum safnsins verði komið í eðlilegt horf hið fyrsta í samvinnu við héraðsskjalavörð.

7. Norrænn skjaladagur.

Vegna Norræns skjaladags 2004 skoðaði stjórnin fyrir sitt leyti þær hugmyndir sem fram höfðu komið um "þema" dagsins og frestur hafði fengist hjá Þjóðskjalasafni til þess að taka afstöðu til. Héraðsskjalaverði var falið að senda safninu tillögur stjórnar um forgangsröð.

8. Önnur mál.

- a) Lagt var fram dreifibréf frá fjármála- og hagsýslustjóra, dags. 19. febr. 2004, til formanna nefnda og ráða Kópavogsbæjar um áætlaðan fundafjölda nefnda 2004.
- b) Lögð var fram verðskrá vegna þjónustu safnsins.
- c) Lagður var fram til upplýsingar spurningalisti frá Þjóðskjalasafni og Borgarskjalasafni Reykjavíkur vegna erindis um skjalaskrár á fundinum á Ísafirði. Spurningalistanum hefur þegar verið svarað.
- d) Samþykkt var að stefna að næsta fundi 25. maí.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18.15.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Leó Ingason
héraðsskjalavörður